

Komið í veg fyrir einelti! – Learning to prevent bullying!

Hegðun - félagsfærni

Aldur: 4 - 8

Fjöldi leikmanna: Ekki tekið fram

Leiktími: Ekki tekið fram

Innihald: 20 spjöld í stærðinni 11,5 x 11,5 sm. Spjöldin eru úr gæðafni, þykk og sterkleg.

Hugmynd og markmið:

Markmiðið með þessu spili er að kenna börnum að taka eftir og þekkja einelti í skóla. Þau læra að koma í veg fyrir einelti. Einnig er tilgangurinn að að kenna börnum að takast á við það. Spilið er tæki sem kennarar geta notað til að vinna með efni tengt einelti í hóp, jafnvel löngu áður en það kemur upp.

Spilið er ætlað börnum 4 - 8 ára en hentar vel eldri börnum og jafnvel táningum, en þá er farið dýpra í efnið og sögur af einelti og viðbrögð við því verða að vera við hæfi hópsins.

- Koma í veg fyrir að einelti eigi sér stað.
- Að þekkja fyrstu merki eineltis og koma í veg fyrir að það þróist t.d. útilokun, falskar ásakanir, stríðni, fyrirlitning og árásargirni.
- Að þróa samkennd og virðingu fyrir öðrum.
- Að hvetja til samræðu sem grunn fyrir gott samfélag.
- Að þróa félagsfærni svo börnin þekki einkenni eineltis.
- Að koma í veg fyrir vandræði vegna þröngsýni, útilokunar og mismunar.
- Að skilja þörf á að tilheyra hópi jafningja: að vera viðurkenndur, virtur og þekktur meðal samnemenda.
- Að efla eftirtekt barna svo þau verði betur í stakk búin að koma í veg fyrir og uppræta tilburði eineltis.
- Að börn verði góðir fulltrúar breytinga.

Undirbúningur:

Á spjöldunum eru stórar myndir sem sýna hvernig hægt er að vinna á móti einelti og ofbeldi í skólum. Spjöldin eru flokkuð í fjóra mismunandi hópa, hver í fjórum skrefum. Hver hópur er einkenndur með litarönd til að hann sé auðþekktur.

Gangur spilsins:

1. Flokkið spjöldin efrtir litum. Takið eftir litaröndinni.
2. Raðið spjöldunum í röð eftir því hvað myndirnar sýna. Á bakhlið spjaldanna er leiðréttingakerfi svo hægt er að gæta að hvort rétt hafi verið raðað.
3. Greinið hverja röð. Aðstæður og samhengi, hvað gerðist. Aðalpersónur, hegðun hverrar fyrir sig, hvaða tilfinningar vöknudu, leiðir til að leysa vandamálið og síðast en ekki síst jákvæðar afleiðingar.

1. Við erum samstæður hópur:

- Fyrir aldurinn 4+
- Allir raða spjöldunum 20 í röð og skilja hvað þau sýna.
- Áður en byrjað er:
 - Útskýrðu fyrir börnunum að markmiðið er að skilja hvað gerist í öllum röðunum og hugsa um hvað er sameiginlegt í þeim.
 - Skiptið skólastofunni í fimm svæði – merkið hvert með lit (ljós blár, rauður, grænn, dökk blár og gulur).
- Aðferð:
 - Leggið öll spjöldin á hvolf. Allir velja eitt spjald og setja það á svæði með sama lit og litaröndin er. Þessi litur er litur hópsins sem barnið verður hluti af.
 - Ef börnin eru fleiri en 20 þá velja tvö börn spjald saman.
 - Ef börnin eru færri en 20 þá er haldið áfram að velja þar til öll spjöldin eru gengin út. Litur fyrsta spjaldsins segir til um hvaða hópi barnið tilheyrir. Þegar hóparnir hafa verið valdir þá ætti sjálfboðaliði úr hverjum hóp að gæta þess að öll spjöldin séu rétt.
 - Hópurinn raðar spjöldunum í þá röð sem hann telur rétta.
 - Kennarinn ætti að biðja hópana að skýra hvað er á spjöldunum, hvað gerist á hverri mynd, hvernig þeim sem lagður er í einelti líður og hvernig hægt er að breyta aðstæðum.
 - Allir hópar skrifa niðurstöðuna á töfluna. Mikilvægt er að umræður myndist.
 - Niðurstöður allra hópa eru settar í sáttmála um siðferði og góða hegðun.
 - Samantektin hjálpar börnunum að skilja hvernig unnið er að sameiginlegu markmiði.

2. Tölum um ... einelti í skóla:

- Fyrir aldurinn 4+
- Markmiðið er að geta skilið á milli viðeigandi og niðurlægjandi hegðunar.
- Áður en byrjað er:
 - Annað hvort eru sömu hópar eða skipt upp að nýju. Kennari ræður.
- Aðferð:
 - Kennarinn spyr hvort allir hafi mynd sem sýna að nemendur eru glaðir og hluti af heild. Þeir sem hafa þannig mynd lyfta henni upp. Myndirnar geta verið hvati til umræðna um góða hegðun, það sem hægt er að gera

saman og hvernig það er þegar öllum líður vel.

- Næst spyr kennarinn hvort allir hafi mynd þar sem nemandi er útilokaður eða sorgmæddur. Að þekkja niðurlægjandi hegðun og tala um hana sem óviðeigandi í mannlegum samskiptum er fyrsta skrefið til varnar því að fólk verði samdauna ofbeldi og einelti.
- Með því að skilja hegðun frá einstaklingi fá börn tækifæri til að skilja að allir geta gert mistök og fá tækifæri til að leiðrétta þau. Einnig að byrja upp á nýtt. Það ætti að útskýra að hegðunin sé óviðeigandi og á aldrei við en einstaklingurinn getur breyst og valið að hegða sér á annan hátt.
- Vísið alltaf til spjaldanna. Spyrjið hvort einhver gæti gert eitthvað til að koma í veg fyrir aðstæður sem þessar. Notið orð líkt og einangrun, útilokun, stríðni, falskar ásakanir o.s.frv. Eftir að hafa spurt, og fengið svör, ætti kennarinn að spyrja hvort einhverjir séu með spjöld sem sýna hvernig eigi að leysa úr aðstæðum sem eru óviðeigandi.
- Kennarinn spyr hvernig fólk geti upprætt óviðeigandi hegðun. Næst eru börnin beðin um að sýna spjöld sem sýna mismunandi leiðir sem voru valdar til að uppræta einelti.

3. Fjórar spurningar sem taka á einelti: Hvar, hver, hvernig og hvers vegna?

- Fyrir aldurinn 7+
- Markmiðið er að þekkja algenga samnefnara eineltis í skóla.
- Áður en byrjað er:
 - Teiknaðu grind á blað og leggðu á borð, með fjórum hólfum með orðunum hvar, hver, hvernig og hvers vegna. Í lok leiksins setja börnin spjöldin sín á viðeigandi hólf.
- Aðferð:
 - Kennarinn byrjar að skipta hópnum upp – 1, 2, 3, 4. Nemendur fara á viðeigandi stað í skólastofunni – henni hefur þegar verið skipt upp í fjögur svæði.
 - Spjöldin eru lögð upp í loft á borð í miðri skólastofunni. Gott er að blanda þeim vel saman.
 - Kennarinn biður börnin að fara, hver hópur fyrir sig, að fara að spjöldunum. Kennarinn spyr spurninga (hvar, hver, hvernig og hvers vegna) og hópurinn velur spjald sem hann telur að svari spurningunni. Hver hópur fyrir sig er spurður einnar spurningar í einu. Haldið er áfram þar til allir hópar hafa verið spurðir allra spurninganna.
 - Ef þegar öll spjöldin hafa verið tekin af borðinu, einn eða fleiri hópar telja að þeir séu með rangt spjald þá mega hópar skiptast á.
 - Þegar hópurinn er sáttur við spjöldin sem hann er með þá undirbýr hann svörin við spurningunum. Leitað er algengra atriða. Niðurstaðan er kynnt hinum hópnum. Spjöldin eru sett á grindina.
 - Ef kennaranum finnst það viðeigandi getur hann beðið nemendurna að skrifa svörin niður og leggja þau á grindina.
 - Þegar allir hóparnir hafa lokið máli sínu gæti kennarinn tekið umræðuna saman. Einnig getur hann spurt – hvað getum við gert þegar við verðum

vitni að óviðeigandi hegðun sem gæti breyst í einelti? Hann gæti leitt umræðuna að samfélagsmiðlum og tölvupósti, smáskilaboðum og hverju því sem börnin nota, sjá, heyra.

Spurningar fyrir hópana:

- Hópur 1 ætti að svara spurningunni: Hvar sérð þú óviðeigandi hegðun sem, ef endurtekin og haldið áfram, getur breyst í einelti?
- Hópur 2 ætti að svara spurningunni: Hver gæti hjálpað til við að stoppa einelti í skólum?
- Hópur 3 ætti að svara spurningunni: Hvernig getum við stoppað óviðeigandi hegðun og upprætt einelti?
- Hópur 4 ætti að svara spurningunni: Hvers vegna eigum við að uppræta einelti?

Þýðing: Eirný Valsdóttir